



12. Stjórnarfundur KKÍ starfstímabilið 2025 - 2027

Mánudagur 5. janúar 2026 kl. 17:00 – Íþróttamiðstöðin í Laugardal

Mætt til fundar: Kristinn Albertsson (KA) formaður sem stýrir fundi, Herbert Arnarson (HA) varaformaður, Einar Hannesson (EH) gjaldkeri, Heiðrún Kristmundsdóttir (HK), Ágúst Angantýsson (ÁA), Margrét Kara Sturludóttir (MKS) og Hugi Halldórsson (HH)

Í fjarfundarbúnaði: Jón Bender (JB) og Sigríður Sigurðardóttir (SS)

Hannes S. Jónsson (HSJ) framkvæmdastjóri sat fundinn og ritaði fundargerð

1. Fundargerð síðasta fundar

Fundargerð síðasta fundar samþykkt og verður birt á kki.is

2. Yfirferð framkvæmdastjóra á ýmsum málum

HSJ fór yfir mál til upplýsinga.

3. Fjárhagsáætlun 2026

Undanfarnar vikur hefur verið unnið að fjárhagsáætlun 2026. Fjárhagsnefnd hefur fundað, farið yfir og samþykkt áætlunina. EH og HSJ fóru yfir helstu atriði í áætluninni. Fjárhagsáætlun 2026 samþykkt.

Í ljós umræðu á síðustu stjórnarfundum, fjárhaganefundarfundum og með samþykkt fjárhagsáætlunnar 2026 er stefnt að því að bæta við stöðugildi á skrifstofu sambandsins. Stöðugildi sem mun sjá um markaðs- og ímyndarmál, viðburði og fleira því tengdu. KA og HSJ mun taka málið áfram og halda stjórn upplýstri. Almennar umræður um starfsemi skrifstofunnar í þessu ljósi.

4. Leikjafyrirkomulag Bónus deildanna og VÍS bikarsins

Mótastjóri hefur hafið vinnu við uppsetningu keppnisdagatala næsta keppnistímabils og vegna þessa fóru KA og HSJ yfir hugmyndir/pælingar varðandi að spila umferð í Bónus deildunum yfir jólahátíðina og hvort geri eigi breytingar á VÍS bikarnum í þá átt að félög í Bónus deildunum komi inn í bikarkeppnina í 16 liða úrslitum eða þau spili ekki innbyrðis í 32 liða úrslitum. Miklar og góðar umræður um leikjafyrirkomulag efstu deildar og bikarkeppni.

Stjórn er sammála því að fara í þessar breytingar og vísar þessu áfram til mótastjóra og mótanefndar í frekari útfærslu.

5. Átak á Suðurlandi

HSJ sagði frá því að undanfarnar vikur hafi verið unnið að koma af stað sérstöku átaki á Suðurlandi í samvinnu við svæðaskrifstofu íþróttahéraðanna. Fundað verður með fulltrúum félaganna á svæðinu um miðjan janúar og þá mun koma skýrari mynd á verkefnið. Davíð Arnar Ágústsson þjálfari verður með yfirlýsningu með verkefninu.

6. Hugbúnaður KKI og vefsíðuumhverfi kki.is

EH fór yfir vinnu sem hann hefur unnið að með Rúnari Birgir Gíslasyni og HSJ er varðar að fara yfir hvað hægt er að gera betur í ýmsum tækni/hugbúnaðarmálum til að gera ýmsa vinnu einfaldari og skilvirkari og bæta þjónustu við aðildarfélögin. Einnig farið yfir kki.is. Góðar umræður.

EH, HSJ og Rúnar Birgir halda áfram með þessa vinnu, með sérstaka áherslu á kki.is á næstu mánuðum.

7. Kynningar/upplýsingar frá nefndum

Farið yfir starf nefnda

8. Næsti stjórnarfundur

Næsti stjórnarfundur verður mánudaginn 2. febrúar

9. Önnur mál

Á laugardaginn síðasta fór fram kjör á Íþróttamanni ársins sem samtök íþróttafélagamanna velja á hverju ári.

Tryggvi Snær Hlinason varð í þriðja sæti í kjörnu. 24 íþróttamenn fengu atkvæði og var Elvar Már Friðriksson einnig einn af þessum 24 íþróttamönnum en hann hafnaði í 19 .sæti.

Fundi slitið kl.19.10